

að hvorki var stefnanda né seljanda bifreiðarinnar gefinn kostur á að vera viðstaddur matsgerðina.

Málalok verða þau, að kröfur stefnanda verða allar teknar til greina, þar á meðal vaxtakrafa, sem hefur ekki sætt sérstökum mótmælum.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Kristján Kristjánsson, settur lögmaður, kvað upp dóm þenna.

Þvi dæmist rétt vera:

Framangreindur veðréttur viðurkennist.

Stefndur, Jóhann Indriðason, greiði stefnanda, Ingimar Jónssyni, kr. 6000.00 með 6% ársvöxtum af kr. 2000.00 frá 15. september 1942 til greiðsludags, af kr. 2000.00 frá 15. október 1942 til greiðsludags og af kr. 2000.00 frá 15. nóvember 1942 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. marz 1944.

Nr. 60/1943. **Þorsteinn Bernharðsson** (Gústav A. Sveinsson)
gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs (Einar B. Guðmundsson).

Fébotakrafa á bæjarsjóð Reykjavíkur vegna meiðsla, er aðili taldi sig hafa hlotið vegna galla á gangvegi í sundhöllinni.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. júní f. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 4954.18 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. des. 1942 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir héraðsdómi og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það eru ekki leiddar sönnur að því í máli þessu, að gerð gólfsins umhverfis sundlaugina í sundhöll Reykjavíkur hafi verið ábótavant. Þá er og ekkert komið upp um það, að skort hafi á umsjón eða varúðarráðstafanir af hendi starfs-

fólks í sundhöllinni. Verður því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 14. desember f. á. af Þorsteini Bernharðssyni verzlunarmanni, Ásvallagötu 22 hér í bæ, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 4954.18 auk 6% ársvaxta frá 10. desember 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnds.

Stefnandi skýrir svo frá, að þann 10. ágúst 1940 hafi hann verið staddur í Sundhöll Reykjavíkur og fengið sér bað í sundlauginni.

Þegar hann kom upp úr lauginni, hafi hann gengið gangveginn meðfram henni að sunnan og að suðausturhorni hennar og ætlað inn í karlasteypubaðið. Rétt við niðurfallið hjá dyrum steypubaðsins hafi honum skrikað fótur á hálu gólfinu og fallið við á hægri olnboga. Við fallið hafi olnbogabeinið á hægri handlegg brotnað, hafi handleggurinn jafnframt marizt og hruflazt og bólгнаð upp um olnboga og fram á fingur. Hafi hann orðið að leggjast á sjúkrahús til þess að fá gert við beinbrotið, og hafi það verið seymt saman með vir. Kveðst hann hafa verið alóvinnufær það sem eftir var af ágústmánuði, svo og septembermánuð og hálfan október. Frá þeim tíma til áramóta kveður hann, að tryggingaryfirlæknirinn hafi talið sig 50% öryrkja og 5% öryrkja síðan. Vorið 1942 kveður hann, að lækna hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að sú bilun stafaði af því, að virlykkjur stóðu út og voru til бага. Væri nauðsynlegt að klippa þær af, en sú aðgerð tæki hann mánuð.

Stefnandi heldur því fram, að slys það, er hann varð fyrir í umrætt skipti, hafi stafað af því, að gangvegurinn meðfram sundlauginni sé of brattur, enda sé hann klæddur sléttum flisum, sem verði glerhálar, er vatn og sápa berst á þær. Telur hann, að af þessu stafi hætta mikil, ekki sizt, þegar aðsókn sé mikil, eins og hafi verið í þetta skipti. Fullyrðir hann, að frágangurinn á gangi þessum sé óforsvaranlegur, og því hætta á, að baðgestir meiðist, enda hafi forstjóri sundhallarinnar farið þess á leit, að Reykja-

vikurbær keypti slysatryggingu fyrir baðgesti sundhallarinnar, sem þó eigi hafi orðið. Bendir hann einnig á, að við baðvörzluna muni hafa verið óvanur maður, og líkur til, að hann hafi ekki hirt sem skyldi um ræstingu, þ. á m. á gangveginum, þar sem slysið varð. Telur hann, að þessi atriði hljóti að vera þess valdandi, að Reykjavíkurbær sem eigandi sundhallarinnar sé ábyrgur fyrir tjóni því, er hann hefur beðið, og sé því bótaskyldur fyrir þeirri fjárhæð, sem stefnt er til greiðslu á, þar sem fjárhæðinni eða einstökum liðum hennar hafi ekki verið mótmælt þegar í stað.

Stefndur hefur byggt sýknukröfu sína á því, að þannig hafi verið frá gengið um Sundhöllina, að ekki væri hætta fyrir gesti, og engar umkvartanir hafi komið fram, hvorki frá íþróttafélögum bæjarins né baðgestum. Einnig heldur hann því fram, að hér sé ekki um atvinnufyrirtæki að ræða, sem gefi arð, heldur stofnun til almenningsheilla.

Rétturinn lítur svo á, að eigi sé unnt að telja bæjarsjóð Reykjavíkur skyldan til að bæta tjón það, er einstaklingar kunna að bíða við afnot stofnana sem Sundhallarinnar, sem komið er á fót til almannaheilla, en ekki eru reknar með arðsvon fyrir augum, enda verður eigi talið sannað í máli þessu, að frágangi Sundhallarinnar sé ábótavant á þann hátt, að á því megi reisa bótaskyldu stefnds.

Málslok verða því þau, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kristján Kristjánsson, settur lögmaður, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorsteins Bernharðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
